



Vegna erindis Samherja til stjórnar RÚV

Stjórn RÚV hefur vísað frá þeirri kröfu stjórnenda Samherja að Helgi Seljan verði áminntur í starfi og meinað að fjalla frekar um málefni fyrirtækisins. Stjórnin gat ekki komist að annarri niðurstöðu enda skýrt að stjórnin, sem Alþingi skipar, á enga aðkomu að ritstjórn.

Samherji taldi stjórnendur fréttastofunnar og RÚV, sem sögðu úrskurð siðanefndar engin áhrif hafa á störf Helga, ekki skilja alvarleika niðurstöðu siðanefndar og leitaði því til stjórnarinnar.

Afstaða stjórnenda RÚV mótast fyrst og fremst af því að fréttáflutningur Kveiks og fréttastofunnar var ekki til umfjöllunar hjá nefndinni frekar en störf Helga. Sú umfjöllun stendur, sem fyrr. Ekki er um að ræða brot á starfsskyldum fréttamannsins.

Hvort sem menn telja ummæli Helga Seljan á samfélagsmiðlun viðeigandi eða ekki er fráleitt að slíta þau úr samhengi við þá aðför eða herferð sem fulltrúar Samherja hafa skipulagt gegn fréttá- og blaðamönnum sem fjallað hafa um málefni fyrirtækisins síðustu misseri. Aðför sem hefur þann eina tilgang að kæfa gagnrýna umræðu og koma í veg fyrir að fréttamenn geti sinnt starfi sínu. Að skjóta sendiboðann svo upplýsingar skili sér ekki til almennings.

Rétt er að halda því til haga að umfjöllun fjölmiðla hefur fyrst og fremst snúist um upplýsingar um meint umfangsmikil brot félagsins sem eru til rannsóknar hér á landi sem erlendis.

Í ágúst síðastliðnum sendu útvarpsstjóri og fréttastjóri frá sér yfirlýsingu vegna ásakana sem stjórnendur Samherja settu fram í myndböndum gegn fréttamönnum RÚV og brutu þar með blað í íslenskri sögu. Þessi kerfisbundna atлага fyrirtækisins er einsdæmi hér á landi og grafalvarleg. Í þeim fordæmalausu árásum felst lýðræðisleg ógn sem nauðsynlegt er að bregðast við.

Í persónulegum árásum stórfyrirtækja gegn einstaklingum felst ofbeldi sem ekki verður við unað. Það er ógerningur að slíta þau ummæli Helga, sem nefndin taldi brotleg, úr samhengi við þessa aðför.

Reykjavík 31.mars 2021

Rakel Þorbergsdóttir
Fréttastjóri RÚV

Ríkisútvarpið ohf.

Efstaleiti 1
150 Reykjavík
Sími: 515 3000

ruv.is



Úr yfirlýsingu útvarpsstjóra og fréttastjóra frá 8.ágúst 2019

„Það er líklega einsdæmi að stórfyrirtæki leggi í persónulega herferð gegn blaðamanni með áratugareynslu. Þessi grófa árás þjónar þeim eina tilgangi að skaða mannorð fréttamanns RÚV, sem hefur hvorki falsað gögn né „átt við þau“ og trúverðugleika fréttastofunnar.

Helgi Seljan er einn öflugasti rannsóknarblaðamaður landsins og hefur kallað yfir sig reiði hagsmunaaðila með vinnu sinni, og nú herferð stórfyrirtækis gegn mannorði hans og æru. RÚV fordæmir þessa aðför sem gerð er að fréttamanninum með tilhæfulausum ásökunum.

<https://www.ruv.is/i-umraedunni/yfirlýsing-ruv-vegna-birtingar-samherja-a-myndbandi-um-frettaumfjollun-ruv-og>

Ríkisútvarpið ohf.

Efstaleiti 1

150 Reykjavík

Sími: 515 3000

ruv.is